

## Fundargerð 529

Föstudaginn 24. nóvember 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 1), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárliði 8 og 9), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 8 og 9), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til umræðu
2. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar
3. Stefnumörkun Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Endurskoðun á stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka - til afgreiðslu
5. Skipting framlags vegna samninga um atvinnuráðgjöf - til kynningar
6. Lánamál
  - a) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
  - b) Lánamál - til afgreiðslu
7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
8. Umsögn um fjárlagafrumvarp 2024 - til kynningar
9. Umsögn um tillögur SÞ á breytingum á regluverki aflamarks Byggðastofnunar - til umræðu
10. Uppfærsla á innra regluverki Byggðastofnunar - til afgreiðslu
  - a) Reglur um störf stjórnar
  - b) Stefna um mat á hæfi stjórnar og forstjóra
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til umræðu

Fyrir fundinum liggur 8. útgáfa af áhættustefnu Byggðastofnunar og skjal sem sýnir þær breytingar sem verða á stefnunni frá síðustu útgáfu sem EHP kynnti.

Til máls tóku HKH, KB, HP og AME.

MH og AME upplýstu um stöðuna á vinnu við innleiðingu á IPSAS staðlinum.

### 2. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar

Fyrir fundinum liggur greinargerð um svæðisbundna flutningsjöfnun 2023 sem HP kynnti.

Til máls tóku SÞ og RÞG.

### 3. Stefnumörkun Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur Stefnumörkun Byggðastofnunar 2024-2028 sem AME kynnti. Stefnumörkunin byggir á þeim þáttum sem stjórn og starfsfólk Byggðastofnunar telja mikilvægt að unnið sé að á tímabilinu með skýrum og markvissum hætti umfram það sem tiltekið er af ytri aðilum.

Til máls tóku KB, MaH og RÞG.

Formaður bar upp Stefnumörkun Byggðastofnunar 2024-2028 og var hún samþykkt samhljóða.

### 4. Endurskoðun á stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs, uppfærð stefna Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til staðfestingar og áhættumat Byggðastofnunar til kynningar sem HÁ kynnti.

Byggðastofnun er lánastofnun að hluta og fellur sem slík undir ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki auk annars umfangsmikils regluverks fjármálamarkaðar og verðbréfavíðskipta. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. a. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skulu eftirlitsskyldir aðilar hafa skjalfesta stefnu, stýringar og verkferla til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Byggja skal stefnu, stýringar og verkferla á áhættumati skv. 5. gr. Skv. áhættumatinu sem uppfært var síðastliðið vor er hætta á peningabætti tengdu útlánastarfsemi Byggðastofnunar metin lítil.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp framlagða stefnu Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Skipting framlags vegna samninga um atvinnuráðgjöf - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um skiptingu fjármagns vegna atvinnuráðgjafar og byggðaðróunarverkefna árið 2024 og greinargerð um aðferðarfræði reiknireglu um skiptingu framlags vegna atvinnuráðgjafar í landsbyggðunum 2024 sem SEP kynnti.

Skv. fjárlagafrumvarpi 2024 er framlag til atvinnuráðgjafar 205,1 m.kr. og mun skiptast með eftirfarandi hætti.

Landshluti	Hlutfall	Framlag
Vestfirðir	16,9%	34.713.666
Norðurland eystra	16,6%	34.129.163
Suðurland	14,6%	30.003.066
Austurland	14,4%	29.579.775
Vesturland	13,7%	28.178.770
Norðurland vestra	13,5%	27.633.022
Suðurnes	10,2%	20.862.538
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>205.100.000</b>

Til máls tóku HB, RÞG og AME.

Sýnd var skipting á framlagi skv. fjárlögum til Byggðastofnunar og til atvinnuráðgjafar frá árinu 2011.

## 6. Lánamál

### a. Fundargerðir lánanefndar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 39/23-42/23 auk yfirlits yfir lánaákvæðanir á árinu sem HP kynnti. HP fór yfir stöðuna í Grindavík og þau lán sem stofnunin hefur á svæðinu.

RÞG vék af fundi.

### b. Lánamál til afgreiðslu

...

Formaður frestaði fundi milli 10:25-10:30

RÞG kom aftur á fundinn.

## 7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir verkefni skv. starfsáætlun og staða rekstrar 30. október sem SEP og MH kynntu.

## 8. Umsögn um fjárlagafrumvarp 2024 - til kynningar

SÁ og PF komu á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur umsögn Byggðastofnunar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 sem sent var fjárlaganefnd Alþingis í samræmi við 4 mgr. 14. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 sem SÁ kynnti.

Til máls tóku KB, HB, MaH, ÓH og AME.

## 9. Umsögn um tillögur SP á breytingum á regluverki aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað með umsögn forstjóra og sérfræðinga Byggðastofnunar á tillögum Sigurjóns Þórðarsonar á breytingum á aflamarki Byggðastofnunar sem PF kynnti.

Til máls tóku HKH, SP, RÞG, ÓH, AME, KB og MaH.

*SP óskar að bókaðar verði þakkir fyrir greinargerð Byggðastofnunar um tillögur um almennar úthlutunarreglur þó hann sé þeim ósammála, en greinargerðin og tillögurnar munu væntanlegar nýtast við þá vinnu sem er framundan hjá Ríkisendurskoðun við úttekt á útdeilingu byggðakvótans.*

Formaður þakkar góða umsögn og upplýsandi.

PF og SÁ viku af fundi.

## 10. Uppfærsla á innra regluverki Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja tillögur að breytingum á reglum um störf stjórnar og stefna Byggðastofnunar um mat á hæfi stjórnar og forstjóra auk kynninga frá BBA Fjeldco og EY.

### a. Reglur um störf stjórnar

HKH kynnti málið og helstu breytingar á reglum um störf stjórnar sem gerðar hafa verið.

Til máls tóku RÞG, ÓH, SP, KB og AME.

Formaður bar upp reglur um störf stjórnar til samþykktar og voru þær samþykktar með 6 atkvæðum, SP sat hjá.

- b. *Stefna um mat á hæfi stjórnar og forstjóra*  
HKH kynnti málið.

Til máls tóku AME, ÓH, KB og SP.

Formaður bar upp stefnu um mat á hæfi stjórnar og forstjóra til samþykktar og var hún samþykkt með 6 atkvæðum, SP sat hjá.

## 11. Önnur mál

RÞG sagði frá ráðstefnu RML um áskoranir og tækifæri í landbúnaði.

AME sagði frá fundi hans og HP með ráðuneytisstjórum um fjármögnunarfunda bænda og tillögur sem þar voru lagðar fram.

Til máls tóku SP, KB, HB og RÞG.

AME sagði frá fundi stofnunarinnar með fulltrúum Evrópska fjárfestingasjóðsins (EIF) á Sauðárkróki vegna umsóknar stofnunarinnar inn í nýtt ábyrgðakerfi.

## 12. Næsti fundur

Næsti fundur verður 15. desember nk. og verður það fjarfundur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:11

Magnús Helgason fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson